

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Ólafur Gíslason, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er frá 9. febrúar 1968 að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-
arlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Vilhjálms
Þórhallssonar, kr. 3.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 218/1968. **Karl Jónsson**

gegn

Fiskiðjunni h/f

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. október 1968, sem barst Hæstarétti 20. þ. m.,
hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/
1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar.
Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og mál-
inu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Svo
krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um frávísun
verði staðfest og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum
málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað.

Auglýsingin um skiptafundinn 19. september 1968, sem
taka skyldi ákvörðun um aðild þrotabúsins að riftunarmál-
inu, var ekki skýr um það efni né birt á lögmatan hátt, er
um svo mikilvæga ráðstöfun var að tefla, sbr. 3. gr. laga
nr. 64/1943, enda voru lánardrottnum ekki sendar sérstakar
tilkynningar um fundinn. Með þessari athugasemd og að öðru

leyti með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um frávisun málsins frá héraðsdómi.

Varnaraðili hefur ekki kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, og verður kröfu hans um málskostnað í héraði því ekki sinnt.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1968.

Mál þetta var dómtekið 20. september s.l. Það er höfðað með stefnu, birtri 3. febrúar 1968. Stefnandi málsins er Karl Jónsson, Seyðisfirði. Stefndi er Fiskiðjan h/f í Vestmannaeyjum.

I.

Um efnishlið málsins.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að neðnagreindum kaupsamningi, dags. 28. desember 1966, verði rift, að stefnda verði gert að greiða þrotabúi Friðriks Jörgensens kr. 2.244.000.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 28. desember 1966 til greiðsludags og að stefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Til vara hefur stefndi krafizt þess, að honum verði heimilað að skuldajafna hinni stefndu kröfu við kröfur stefnda á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens, en að málskostnaður verði felldur niður.

Samkvæmt sóknarskjölum eru málavextir og málsástæður þær, að með kaupsamningi, dags. 28. desember 1966, hafi Friðrik Jörgensen, sem hafi rekið mikla útflutningsverzlun í Reykjavík um nokkurra árabíl, selt stefnda í máli þessu 110 smálestir af þurrkuðum smáfiski (bútung), sem verið hafi til verkunar, þurrkunar og þökkunar í fiskverkunarstöð bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, Hafnarfirði. Upplýst er í málinu, að fiskur þessi er enn til í vörslum Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Umsamið kaupverð hafi verið kr. 2.244.000.00, en hafi getað orðið herra eða lægra, eftir

því hvaða verð fengist fyrir fiskinn við endanlega afskipun til útflutnings samkvæmt nánari ákvæðum kaupsamningsins. Þá hafi í kaupsamningnum verið svo samið, að kaupverð fisksins gengi til að lækka skuld seljanda við stefnda. Þann 14. apríl 1967, eða aðeins 3 mánuðum og 16 dögum eftir að samningurinn hafði verið gerður, hafi bú Friðriks Jörgensens verið tekið til gjaldþrotaskipta og á skiptafundi í búinu þann 12. febrúar 1968 hafi stefnanda verið heimilað að höfða mál þetta til riftingar á umræddum samningi, en búinu þó að skaðlausu.

Stefnandi heldur því fram, að umræddur samningur hafi verið gerður eingöngu í þeim tilgangi að ívilna stefnda á hinn grófasta hátt á kostnað annarra skuldheimtumanna búans, og beri því að rifta honum með dómi og dæma stefnda til að greiða búinu andvirði vörunnar.

Stefnandi kveður riftunarkröfu sína aðallega byggjast á 19. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929. Þannig sé ljóst, að samningurinn hafi verið gerður á síðustu sex mánuðum, áður en skiptin byrjuðu. Enn fremur, að fiskur sá, sem seldur hafi verið, sé „óvenjulegur gjaldeyrir“ í merkingu laganna. Fyrirtæki stefnda starfræki ekki útflutningsverzlun með fisk, en það hafi þrotamaður hins vegar gert, enda hafi hann annast um allan útflutning á framleiðsluvörum stefnda og þannig hafi krafa stefnda á hendur honum myndast, að þrotamaður hafi ekki staðið skil á andvirði hinna seldu afurða.

Protamanni hafi að sjálfsögðu borið að greiða andvirðið í peningum, enda hafi það verið venja í viðskiptum þeirra.

Þá telur stefnandi enn fremur, að riftunarkrafan verði byggð á 23. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Heldur stefnandi því fram, að þrotamaður hafi, þegar samningurinn var gerður, séð fyrir gjaldþrotið. Hann hafi, löngu áður en gjaldþrotið varð, verið kominn í mjög alvarlega fjárhagslega erfiðleika og viðskiptabanki hans hafi kært hann fyrir sakadómi fyrir meint fjársvik, aðeins fimm dögum áður en samningurinn var gerður. Fyrirsvarsmenn stefnda hafi haft mikil og nán skipti við þrotamann á þessum tíma, enda hafi þrotamaður verið hluthafi í félaginu, og heldur stefnandi því fram, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið fullkunnugt um, að þrotamaður hafi verið kominn í algert greiðsluþrot, þegar samningurinn var gerður.

Áðurnefndur kaupsamningur hljóðar svo:

„Neðanskráðir aðilar, Friðrik Jörgensen, útflutningsverzlun í Reykjavík, og hér eftir nefnd seljandi, og Fiskiðjan h/f í Vest-

innannaeyjum, og hér eftir nefnd kaupandi, gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Kaupandi kaupir og seljandi selur ca. 110 smálestir af þurrverkuðum smáfiski (bútung), sem nú er til verkunar, þurrkunar og þökkunar í fiskverkunarstöð Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar í Hafnarfirði. Geymsluvottorð forstöðumanns Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, er greinir nánar um magn hins selda, fylgir samningi þessum og skoðast sem hluti hans.

2. gr.

Kaupverð framangreindra afurða, kr. 2.244.000.00, hefur kaupandi greitt með því að lækka skuld seljanda við kaupanda um sömu fjárhæð.

3. gr.

Seljandi hefur samið við Bæjarútgerð Hafnarfjarðar í Hafnarfirði um að fullverka, þurrka, pakka og geyma framangreindar fiskafurðir og hefur þegar greitt fyrirfram vegna verkunarinnar kr. 150.000.00 af kr. 400.000.00, sem Bæjarútgerðin hefur gert samning um við kaupanda og skuli vera fullnaðargreiðsla fyrir verkunina.

Seljandi sér um efndir samnings síns gagnvart Bæjarútgerðinni, en framselur kaupanda réttindi sín gagnvart honum.

4. gr.

Kaupandi felur seljanda að hafa fyrir sína hönd meðalgöngu um sölu framangreindra afurða. Fáist við þá sölu hærra verð fyrir afurðirnar en það, sem lagt er til grundvallar samkvæmt 2. gr. hér að framan (þ. e. kr. 24.00 pr. kg. að fráðregnum 15%) eða magn hins selda reynist meira en áætlað er í 1. gr., skal þá endanlegt söluverð alls hins selda renna til kaupanda, enda lækki þá skuld seljanda að sama skapi.

Á sama hátt skal skuld seljanda aftur hækka að sama skapi, reynist söluverð lægra en við er miðað í 2. gr. eða magn minna en ráð er fyrir gert samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Nú verður ákveðið af hálfu hins opinbera að greiða uppbætur vegna verkunar á hinum seldu afurðum, og skulu þá uppbætur þær allar renna til kaupanda, enda lækki hann þá skuld seljanda sem þeim nemur.

6. gr.

Seljandi ábyrgist áframhaldandi geymslu hins selda í fiskverkunarstöð Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, þar til afskipun til útflutnings fer fram, svo og að tryggingar afurðanna til þess tíma séu í lagi og afhendir kaupanda tryggingarskírteini þar um með árituðu framsali.

7. gr.

Rísi mál vegna samnings þessa, skal það rekið á bæjarþingi Reykjavíkur, og þarf ekki að leggja það til sátta fyrir sáttamenn.

Samningur þessi er í tveimur samhljóða eintökum, sínu handa hvorum aðila“.

Stefndi hefur gert þá grein fyrir kröfu sinni um sýknu, að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að Friðrik Jørgensen ætti fyrir skuldum, þegar framangreindur samningur hafi verið gerður 28. desember 1966. Hefur stefndi bent á nokkur atriði til stuðnings fullyrðingu sinni, en þau sjónarmið verða ekki rakin nánar hér. Þá hefur stefndi einnig haldið því fram, að greiðslan hafi ekki, eins og á stóð, verið óvanalegur gjaldeyrir í viðskiptum aðilja.

II.

Um formhlið málsins.

Með greinargerð, framlagðri 25. marz 1968 á bæjarþingi Reykjavíkur, hefur stefndi krafizt frávísunar málsins og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Í þessum þætti málsins hefur stefnandi krafizt þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og að málskostnaður verði tildæmdur honum við endanlegan dóm í málinu.

Reynt var að sætta aðilja, en sú viðleitni bar ekki árangur.

Umboð stefnanda til málshöfðunar þessarar byggði hann upp-haflega á heimild skiptaréttar Reykjavíkur frá 12. janúar 1968.

Í endurriti því úr skiptabók Reykjavíkur, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir um heimild þessa á þá leið, að skiptaráðandi hafi gert fyrirspurn til þeirra Skúla J. Pálmasonar héraðsdómslögmanns og Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, hvort umbjóðendur þeirra væru viðbúnir að reka riftunarmál búinu að skaðlausu, ef heimild yrði veitt. Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður hafi þá lýst því yfir, að umbjóðendur hans mundu viðbúnir að höfða riftunarmál á eigin kostnað, ef heimild fengist til þess. Leitað hafi verið álits fundarmanna, hvort heimila ætti framangreinda málssókn búinu að kostnaðarlausu. Mót-mæli hafi komið fram frá Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni

f. h. umbjóðenda sinna, þ. á m. stefnda í máli þessu. Skiptaráðandi hafi ákveðið að veita Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Karls Jónssonar heimild til að höfða mál til riftunar á sölusamningi gjaldþrota og Fiskimjölsværksmiðjunnar og Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum, dagsettum 28. desember 1966, búinu að kostnaðarlausu, enda skyldi það fé, sem kynni að fást við riftunina, renna í búið.

Hinn 25. janúar 1968 ritaði umboðsmaður stefnda skiptarétti Reykjavíkur bréf út af afgreiðslu skiptafundar 12. janúar 1968. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Efni: Protabú Friðriks Jörgensen: Afgreiðsla skiptafundar 12. janúar 1968 á heimild til hæstaréttarlögmanns Guðjóns Steingrímssonar um að höfða mál til riftunar samninga.

Jafnframt því að vísa til mótmæla þeirra, er ég hafði uppi á skiptafundi 12. janúar s.l. gegn veitingu heimildar til handa hrl. Guðjóni Steingrímssyni til þess í nafni þrotabúsins að höfða mál til riftunar samningum gjaldþrota, Friðriks Jörgensen, við umbj. mína, Fiskiðjuna h/f og Fiskimjölsværksmiðjuna h/f í Vestmannaeyjum, hinn 28. desember 1966, leyfi ég mér enn á ný að ítreka mótmæli mín og vil til viðbótar fyrri ábendingum mínum styðja mótmæli mín neðangreindum rökum:

1. Ég tel, að hér sé um svo veigamikla ráðstöfun að ræða, að nauðsynlegt hafi verið að geta hennar í fundarboði. Ég tel enn fremur, að fundinn hefði átt að boða sérstaklega, en mér er ekki kunnugt um, að neinum kröfuhafa hafi verið send fundarboð, skriflega ellegar með auglýsingu, en ákvörðun einungis tekin á næsta fundi á undan, þ. e. a. s. hinn 8. desember 1967, en fundarboð síðan ekki sent. Voru enda, eins og bókun fundar ber með sér, ekki nema örfáir mættir á fundinum. Ég geri því þegar af þessari ástæðu kröfu til þess, að afstaða fundarins verði endurskoðuð og öllum skuldheimtumönnum gefinn kostur á að tjá sig um þessa ráðstöfun.

2. Á skiptafundi 12. janúar s.l. lýsti hrl. Guðjón Steingrímsson því yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að taka að sér fyrir hönd búsins og því að skaðlausu að höfða riftunarmál á hendur umbj. mínum. Ég hygg, að fundarmenn allir hafi skilið hæstaréttarlögmanninn svo, að hann ætlaði persónulega að ábyrgjast skaðleysi búsins.

Mér hafa í gær borizt tvær stefnur, gefnar út af Karli Jónssyni, Seyðisfirði, fyrir hönd þrotabús Friðriks Jörgensen í Reykjavík gegn umbj. mínum, Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsværksmiðj-

unni h/f í Vestmannaeyjum. Ég véfengi, að aðili þessi sé það fjárhagslega vel stæður, að hann geti haldið búinu skaðlausu af afleiðingum málshöfðana þessara. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að reynt hefur verið nú í heilt ár að selja fisk þann, er Fiskiðjan h/f keypti af gjaldþrota í desembermánuði 1966. Sem kunnugt er hafa skreiðarmarkaðir verið svo til lokaðir allt síðastliðið ár. Eftir þrotlausar tilraunir, erfiði og fjárútlát eygja umbj. mínir nú möguleika á að selja fisk þennan fyrir um það bil 170 sterlingspund lestina með áföllnum kostnaði og vátryggingu á ákvörðunarstað. Ef riftunarmál yrði nú höfðað og það tapaðist af búinu, yrði stefnandi að sjálfsögðu að bæta tjón það, er af því leiddi, auk málskostnaðar, en ég véfengi sem fyrr segir, að Karl Jónsson á Seyðisfirði hafi til þess bolmagn og þykir því rétt bæði vegna búsins og umbj. minna, að gerð verði krafa um, að hann setji nægilega tryggingu fyrir skaðleysi búsins. Ef mál þetta hins vegar ynnist af búinu, hefur búið að vísu fiskinn með áföllnum kostnaði, en hann er þegar orðinn all verulegur.

3. Ég hefi ítrekað gert kröfur til skiptaráðanda um, að aflað væri úr vörzlu sakadóms viðskiptamannareikninga gjaldþrota. Þeir reikningar hafa enn ekki verið lagðir fram í skiptaréttinum.

Þá hefur í annan stað ekki verið staðreynt neitt um lýstar kröfur í búið ellegar hverjar kröfur búið kann að eiga á hendur þriðja manni. Einnig með hliðsjón af þessu atriði tel ég ekki tímaþætt, að nú sé tekin ákvörðun um málshöfðun á hendur umbj. mínum til riftunar á fyrrgreindum samningum.

4. Ég geri kröfu til þess, að skiptaráðandi kynni sér til hlítar efni og aðdraganda samninga þeirra, er gerðir hafa verið við umbj. mína, og kynni niðurstöðu þeirrar athugunar fyrir umboðsmönnum skuldheimtumanna, áður en rasað er að ástæðulausu í málshöfðanir, sem ef til vill eru algerlega óþarfar, er gætu leitt til verulegra fjárútláta fyrir búið sjálft. Ég ítreka að lokum kröfu mína um endurskoðun á afgreiðslu fundarins 12. janúar s.l. og vænti þess, að skiptarétturinn fresti ákvörðun sinni í þessu efni þar til að betur athuguðu máli og eftir að hafa sent öllum umboðsmönnum skuldheimtumanna búsins fundarboð og gefið þeim kost á að taka afstöðu til málsins.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að láta í té allar upplýsingar, er ég má“.

Föstudaginn 26. janúar 1968 var skiptaréttur Reykjavíkur haldinn á ný. Var þá m. a. tekið fyrir ofangreint bréf Sveins Snorrasonar hæstréttarlögmans, dags. 25. janúar 1968. Í endur-

ritinu úr skiptabók Reykjavíkur segir m. a. um þetta efni, að lesið hafi verið bréf Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, dags. 25. janúar 1968. Efni bréfsins hafi verið rætt og hafi Sveinn Snorrason haldið fram þeirri skoðun sinni, að óheppilegt væri að hropa að málssókn þeirri til riftunar á samningum gjaldþrota við Fiskiðjuna í Vestmannaeyjum og Fiskimjölsværksmiðjuna. Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður hafi sýnt í dóminum tvær stefnur, dags. 22. janúar 1968, sem vörðuðu riftun á ofangreindum samningum. Skiptaráðandi hafi sagzt mundu ræða við Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmann um stefnur þessar, hvort þær væru í samræmi við heimild þá, sem honum hafði verið veitt á skiptafundi 12. janúar 1968. Hafi atriði þessu verið slegið á frest og yrði það lagt fyrir annan skiptafund, sem haldinn yrði, áður en málin yrðu tekin fyrir í bæjarþinginu.

Samkvæmt skjölum málsins hefur lögmaður stefnda enn sent skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, dags. 8. marz 1968, þar sem skiptaréttur er m. a. beðinn um að staðfesta það, að samrit af stefnum Karls Jónssonar, dagsettum 22. janúar 1968, á hendur Fiskiðjunni h/f í Vestmannaeyjum og Fiskimjölsværksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f hafi verið lagðar fram á skiptafundi þrotabúsins 26. janúar 1968 og að fundurinn hafi ekki talið stefnurnar vera í samræmi við heimild skiptafundar 12. janúar 1968 og að skiptaráðandinn hafi lýst því yfir á fundinum 26. janúar, að hann mundi sjá um, að ekki yrði af málshöfðun að svo stöddu.

Í svarbréfi skiptaréttarins, undirrituðu 15. marz 1968, segir um þetta efni á þessa leið: „Eins og sést á fundargerðinni frá 26. janúar, tók fundurinn enga afstöðu til málshöfðunar Karls Jónssonar. Ég hef engin fyrirheit gefið um frestun á málshöfðun. Hins vegar tjáði ég hrl. Guðjóni Steingrímssyni að fundinum loknum, að ég teldi ekki rétt að stefna riftunarmálunum í nafni þrotabúsins, þar eð það gæti bakað búinu málskostnað, en málshöfðunarheimildin var við það miðuð, að mál yrðu sótt búinu að kostnaðarlausu. Enn fremur tjáði ég Guðjóni, að hann hefði enga heimild frá þrotabúinu til að gera ákveðnar fjárkröfur í riftunarmálunum, heldur aðeins kröfu um heimild til riftunar á samningnum, enda væri hugsanleg fjárheimta í sambandi við riftun með öllu ókannað mál af búsins hálfu“.

Málið var sótt og varið um frávisunarkröfuna þann 16. maí 1968, en tekið til dóms eða úrskurðar að því loknu.

Kröfum sínum til stuðnings hefur stefndi bent á, að sóknaraðild máls þessa sé samaðild allra lýstra skuldheimtumanna bús-

ins. Sakaraðild í málinu sé þess vegna óskipt. Stefnandi geti því ekki átt sjálfstæða aðild nema fyrir sinni kröfu. Sé hins vegar litið svo á, að málið sé flutt fyrir búið sjálft, þá telur stefndi, að umboð skorti. Málshöfðunin hafi verið samþykkt á skiptafundi þann 12. janúar 1968. Sá fundur hafi verið boðaður á fundi 8. desember 1967, en þá hafi ekkert verið tekið fram um, hver mál yrðu á dagskrá þann 12. janúar 1968. Eftir að mótmæli hefðu komið fram, hefði því ekki átt að höfða málið, nema að öllum kröfuhöfum yrði áður gefinn kostur á því að koma á nýjan fund til að taka afstöðu til, hvort riftunarmál skyldi höfðað.

Loks hefði stefndi bent á ýmis önnur atriði máli sínu til stuðnings. Þannig hefur stefndi haldið því fram, að enda þótt riftunarmeild væri viðurkennd, leiddi það einasta til þess, að krafa stefnda í búið hækkaði, sem því næmi, en stefndi ætti í þess stað kröfu til skuldajafnaðar samkvæmt 17. gr. gjaldprotaskiptalaganna, en úrskurð um það atriði eigi skiptaráðandi.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að málið væri höfðað fyrir hönd þrotabúsins samkvæmt löglegu umboði skiptaréttar.

Stefnandi hefur bent á, að nauðsyn hafi borið til að hraða málssókn þessari, svo að þetta mál tefði ekki fyrir skiptum bússins. Þann 27. maí 1968 var mál þetta endurupptekið með heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936. Var aðiljum gefinn kostur á að afla skýrra gagna um það, hvort þrotabú Friðriks Jörgensens væri samþykkt málssókninni, eins og hún lægi fyrir í máli þessu.

Aðiljum var síðan veittur frestur í þessu skyni, fyrst til 6. júní, þá til 12. júní, þá til 19. júní, þá til 5. júlí. Loks þann 20. september 1968 var lagt fram endurrit úr skiptabók Reykjavíkur um málflutningsumboð það, sem hér um ræðir. Í endurritinu segir svo um þetta atriði: „Fram kom tillaga frá Guðmundi Péturssyni, hrl., um, að málshöfðanda, Karli Jónssyni, yrði veitt heimild til þess að halda áfram riftunarmálunum, sem þegar hafa verið höfðuð, og gera í þeim kröfur, bæði um riftun samninga og ákveðnar fjárkröfur á hendur varnaraðilum um skil á hinum umsömdu verðmætum eða andvirði þeirra á hendur þrotabúsins.

Þessi tillaga var borin undir atkvæði, og greiddu henni atkvæði: Guðmundur Pétursson, Guðjón Steingrímsson og Guðmundur V. Jóseppson. Á móti voru Sveinn Snorrason, sem jafnframt ítrekaði fyrri mótmæli sín um gildi þessarar ákvörðunar, vegna þess hve fáir voru á fundi og skamms fyrirvara í auglýsingu og ekki nægjanlega glögg tækið fram, hvað þar yrði til meðferðar.

Skiptaráðandi lýsti yfir því, að þar sem málshöfðanirnar væru gerðar búinu að skaðlausu og að mótmæli gegn þeim hafa ekki komið fram nema frá þeim lögmanni, sem fer með umboð varnar- aðila við skiptin, sæi hann ekki ástæðu til annars en að samþykkja f. h. protabúsins tillögu Guðmundar Péturssonar hrl., en þó með þeim fyrirvara, að málshöfðandi eða umboðsmaður hans leggi fram ítarlega greinargerð um grundvöll fyrir fjárkröfum sínum, áður en málið verður endanlega tekið til dóms“.

Þann 20. september s.l. var mál þetta svo sótt og varið að nýju samkvæmt ákvæðum 120. gr. laga nr. 85/1936. Benti þá stefndi m. a. á, að síðastgreindur skiptafundur hefði verið boðaður allt of seint og ónákvæmlega. Þannig hafi skiptafundurinn, sem hafi verið haldinn 19. september 1968, aðeins verið auglýstur í Morgunblaðinu þann 18. september 1968. Ekki hafi heldur verið í auglýsingu þessari gefið ótvírætt til kynna, hvað ætti að taka fyrir. Þá benti stefndi einnig á, að málflutningsumboðið væri bundið skilyrðum.

Stefnandi hélt því hins vegar fram, að með ákvörðun skiptaréttar hinn 19. september 1968 væri búið að skera úr um heimild hans til flutnings máls þessa með óyggjandi hætti.

III.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, þótti vafi á því, hvort eða að hve miklu leyti protabú Friðriks Jörgensens vildi vera aðili máls þessa. Þannig var í bréfi skiptaráðanda, undirrituðu 15. marz 1968, tekið fram, að málshöfðunarheimild Karls Jónssonar væri við það miðuð, að hún væri búinu að skaðlausu, og enn fremur er þar gert ráð fyrir, að málshöfðunarheimildin næði aðeins til að rifta samningnum, en að skiptaréttur gæti síðar, ef dómurinn féllist á riftunarkröfuna, ákveðið það sjálfstætt, hvort riftun skyldi koma til framkvæmda.

Af því tilefni var aðiljum gefinn kostur á að afla skýrra gagna um það, hvort protabú Friðriks Jörgensens væri samþykkt málsókninni, eins og hún lægi fyrir í málinu, þ. e., að búið væri aðili.

Svar skiptaréttar Reykjavíkur var að vísu það, að hann sæi ekki ástæðu til annars en að samþykkja f. h. protabúsins málshöfðunarheimild til handa Karli Jónssyni til að halda áfram riftunarmáli þessu og gera í því kröfur um riftun og fjárkröfur. Hins vegar er heimildin ennþá reist á þeirri forsendu, að málshöfðunin sé búinu að skaðlausu.

Ekki er fyllilega ljóst, við hvað þarna er átt, og er ekki tekið af skarið um, hvort þrotabúið vilji eiga aðild að málinu. Þar sem umboð Karls Jónssonar hefur verið vefengt, liggur eigi nægilega skýrt fyrir, hvort hann hafi umboð til að binda þrotabúið við málssókn þessa. Auk þess eru þær heimildir, sem Karli kunna að vera veittar af hálfu búsins, bundnar því skilyrði, „að málshöfðandi eða umboðsmaður hans leggi fram ítarlega greinargerð um grundvöll fyrir fjárkröfum sínum, áður en málið verður endanlega tekið til dóms“, en ekki hafa fengizt nánari skýringar á því. Veldur það því, að vafi getur risið, hvort nefndar heimildir séu fyrir hendi, og samrýmist það eigi meginreglum réttarfarslaga um greiða og afdráttarlausa málsmeðferð. Af þessum sökum verður eigi hjá því komizt að vísa málinu frá dómi, enda er það eigi fyrr en tekin hefur verið til þess endanleg afstaða af hálfu þrotabúsins, hvort það vilji eiga aðild að riftunarmáli á hendur stefnda, að til greina kemur, að Karl Jónsson geti höfðað slíkt riftunarmál á sitt eindæmi. Þykir eigi ástæða til að skera úr því hér, hvern rétt hann eigi í því tilliti né að hverjum aðiljum slík málssókn yrði að beinast, ef á slíkan rétt yrði fallizt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Bjarna B. Jónssyni hagfræðingi og Gauki Jörundssyni lektor.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
